

**Ed.**

**367. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 84 frá 22. nóvember 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Í stað 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna og afla fjár til aukninga skal bæjarstjórninni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í lögsagnarumdæminu (sbr. 4. gr.), skv. reglugerð, er bæjarstjórn semur, en ráðherra sveitarstjórnarmála staðfestir. Vatnsskatturinn má nema allt að 1½% af fasteignamatsverði húsa.

Sérstakt aukagjald má leggja á hús, þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, og skal það aukagjald ákveðið með reglugerð skv. 1. mgr.

Bæjarstjórninni er og heimilt að selja vatnið skv. gjaldskrá, er ráðherra staðfestir, enda skal vatnið þá selt skv. vatnsmæli. Er heimilt að setja slíka gjaldskrá um einstök hús eða hús nánar tilgreind, eftir því til hvers þau eru notuð, eða hús á nánar skilgreindu svæði.

Einnig er heimilt að krefja endurgjald fyrir vatnið sumpart sem vatnsskatt og sumpart skv. mæli, eftir reglum, sem ráðherra staðfestir.

Bæjarstjórn setur og reglur um gjaldskrár, er ráðherra staðfestir, um sölu vatns til hvers konar annarra nota en í húsum, svo sem til skipa, bæði innlendra og erlendra, hvers konar bifreiða- og flugvélastöðva, þ. á m. einkum þvottastöðva.

Í reglugerðum og gjaldskrár skv. þessari grein skal setja gjalddaga endurgjaldsins fyrir vatnið, hvernig sem það verður ákveðið, en staðfesting ráðherra veitir gjöldunum lögtaksrétt sem öðrum fasteignagjöldum til kaupstaðarins.

## 2. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Bæjarstjórninni er og heimilt, eftir reglum, er ráðherra staðfestir, að loka fyrir vatnsæðar hjá þeim, sem greiða ekki vatnsskatt eða annað endurgjald fyrir vatnið, svo sem það verður ákveðið skv. 3. gr.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Með frv. þessu (1. gr.) er ætlað að rýmka heimild bæjarstjórnar Reykjavíkur til innheimtu á vatnsskatti frá því, sem segir í gildandi lögum, sbr. og reglugerð nr. 109/1936, um niðurlögnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

Tekjur vatnsveitunnar af vatnsskatti og vatnssölu til skipa má áætla allt að kr. 600 þús. árið 1947, tekjurnar fara lækkaði, þrátt fyrir fjölgun húsa, vegna þess að tekjur af sölu vatns til skipa lækka svo ört frá því, er þær voru á stríðsárunum.

Bein rekstrargjöld verða hátt á 500 þús. kr., en auk þess verður að áætla mjög verulega fjárhæð, allt að kr. 900 þús., til aukninga á bæjarkerfi vatnsveitunnar.

Eins og nú standa sakir, fer því mjög fjarri, að tekjur vatnsveitunnar hrökkvi fyrir rekstrarkostnaði og þenslu bæjarkerfisins vegna nýbygginga. Það má segja, að tekjurnar hrökkvi aðeins fyrir rekstrarkostnaði og hæfilegri fyrningu af óhjákvæmilegri aukningu bæjarkerfisins.

Nú standa svo sakir, að unnið er að lagningu nýrrar aðalvatnsæðar frá Gvendarbrunnnum til bæjarins, sem ætlað er að flytji um það bil 290 sektr., þannig að neyðvatnsmagn bæjarins því nær tvöfaldist, ef áætlanir um það efni fá staðigt.

Kostnaður þessarar nýju aðalæðar verður yfir 4 millj. kr., e. t. v. töluvert á 5. millj. kr., og er óvarlegt að áætla aukinn rekstrarkostnað vatnsveitunnar vegna þessarar aukningar undir 400 þús. kr. á ári (aðall. vexti), jafnvel þó að miðað sé við afskriftir lána á allt að 20 árum.

Það er því augljóst mál, að eins og nú standa sakir, hrökkva tekjur vatnsveitunnar hvergi nærrí fyrir gjöldum, og sú mundi enn raunin á, jafnvel þó að vatnsskatturinn yrði hækkaður í núgildandi hámark, sem telja verður 5% af fasteignamatsverði húsa.

Samkv. frv. er að visu gert ráð fyrir, að hámark skattsins geti orðið nokkru hærra en nú kann að þurfa til þess að standast rekstrarkostnað og hæfilegar afskriftir, en það fer þó allt eftir því, á hve löngum tíma ætlað er að borga stofnkostnaðarlán vegna nýju aðalæðarinnar.

Hámarkið er hér sett í samræmi við lög nr. 129/1941, um breytingu á vatnalögum.

Auk þess sem með frv. er stefnt að því að heimila bæjarstjórninni, með samþykki ráðherra, að afla vatnsveitu Reykjavíkur hæfilegra tekna til þess að fá staðigt allan kostnað við að flytja vatnið til bæjarins og um bæinn, þá er og gert ráð fyrir því, að bæjarstjórn fái heimild til þess, með samþykki ráðherra, að haga álagningu og innheimtu vatnsskatts með mismunandi hætti, eftir því sem hentugt kann að þykja á hverjum tíma og einnig eftir staðháttum. Getu þau ákvæði komið að góðum notum, einkum þegar svo ber undir, að skortur er á nægu vatni.

Með 2. gr. frv. er bæjarstjórn veitt heimild til ráðstafana gagnvart viðskiptamönnum, sem greiða ekki tilskilið endurgjald fyrir vatnið, sams konar þeim, er gilda gagnvart þeim, sem greiða ekki andvirði rafmagns, vatns frá hitaveitunni o. s. frv.

Frv. þetta er flutt eftir ósk bæjarráðs Reykjavíkur.